



JAFNRÆÐI • JÁKVÆÐNI  
TRAUST • VIRÐING

# Pistill sveitarstjóra

Sveinn Margeirsson

## Skútustaðahreppur

### 27. október 2021

Kæru Mývetningar! Þá er veturinn genginn í garð og vona ég að þið njótið hans til fullnustu! Rennum yfir það helsta, sem í þetta skiptið er ekki hvað síst tengt sameiningarvinnu sveitarfélaganna.

#### Tryggvi Þórhallsson ráðinn til sameinaðs sveitarfélags Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar

Tryggvi Þórhallsson, lögmaður, hefur verið ráðinn sem lögfræðingur hjá Skútustaðahreppi og Þingeyjarsveit. Sveitarfélögin sameinast formlega í lok maí á næsta ári og munu þá mynda stærstu skipulagsheild landsins, samtals um 12 þúsund ferkílómetra.

Verkefni Tryggva munu m.a. lúta að mótun stjórnsýslu sameinaðs sveitarfélags, endurskoðun samninga, samstarfi skólastofnana þvert á skólastig og uppbyggingu hringrásarhagkerfis svæðisins tengt mótun loftslags- og innkaupastefnu sameinaðs sveitarfélags.

Tryggvi Þórhallsson hefur síðustu ár starfað sem lögfræðingur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Reynsla hans spannar vítt svið löggjafar sem varðar sveitarfélög, s.s. sveitarstjórnarlög, stjórnsýslulög og upplýsingalög. Með ráðningu Tryggva vill sameinað sveitarfélag leggja áherslu á að nýta þann sveigjanleika sem er til staðar í lagamma sveitarfélaga og virkja til framþróunar þá möguleika sem breytt skipan býður upp á.

Tryggvi hefur tekið þátt í fjölmörgum starfshópum og nefndum sl. ár. Þar má t.d. nefna samvinnuhóp um

framtíðarskipan húsnæðismála, samráðsnefnd ríkis og sveitarfélaga um húsnæðismál og starfshóp um málefni aldraðra. Tryggvi gegnir í dag formennsku í samráðsnefnd ríkis og sveitarfélaga um skýra verka- og ábyrgðarskiptingu í opinberri þjónustu.

Tryggvi mun hefja störf hjá sveitarfélögunum í helmingsstarfi þann 1. nóvember n.k., ásamt því að ganga frá fyrirbyggjandi verkefnum hjá Sambandi íslenska sveitarfélaga. Hann verður að fullu kominn til starfa fyrir Skútustaðahrepp og Þingeyjarsveit um áramót.



Mynd: Tryggvi Þórhallsson undirritaði ráðningarsamning í Stórutjarnaskóla á dögnum, ásamt oddvita og sveitarstjóra Þingeyjarsveitar, sveitarstjóra Skútustaðahrepps og skólastjórum Stórutjarnaskóla, Reykjavíðarskóla og Framhaldsskólans á Laugum.

## MANNAUÐSRÁÐGJAFI HEFUR HEIMSÓTT FLESTA VINNUSTAÐI

Sigríður Indriðadóttir, mannaúðsfræðingur og framkvæmdastjóri SAGA Competence leiðir verkefnið *Efling mannaúðs í sameiningarferli Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar*. Í verkefninu felst meðal annars fræðsla til starfsfólks sveitarfélaganna um breytingaferli og möguleg áhrif breytinga á líðan og frammistöðu fólks. Sigríður hefur einnig á undanförunum vikum heimsótt flesta vinnustaði sveitarfélaganna og rætt við stjórnendur og lykilstarfsfólk um tækifæri og áskoranir í tengslum við sameininguna. Verkefni næstu vikna eru að greina stöðu mannaúðsmála í sveitarfélögunum og leggja fram tillögu að framtíðarfyrirkomulagi mannaúðsmála hjá sameinuðu sveitarfélagi.

„Það eru ótrúleg tækifæri sem fylgja þessari sameiningu.“ segir Sigríður. „Það er líka mjög dýrmætt að spjalla við starfsfólkið og hlusta á þeirra hugmyndir og væntingar um framhaldið og framtíðarsýnina. Hér er mikill og góður mannaúður og fólk er virkilega tilbúið að leggja sitt af mörkum til að sameiningarferlið gangi sem best fyrir sig. Það er mikill hugur í fólki og virkilega gaman að vinna með þessu öflugra fólki sem hér býr og starfar“.



## ÞRÍR STARFSHÓPAR VINNA AÐ INNLEIÐINGU BREYTINGA

Þann 20. október var haldinn upphafsfundur starfshópa við innleiðingu sameinaðs sveitarfélags Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar. Hóparnir eru þrír og í þeim sitja 21 einstaklingur. Starfshóparnir eru:

1. Stjórnsýsla, fjármál og mannaúðsmál
2. Fræðsla, félagsþjónusta og frístundir
3. Umhverfi, skipulag, atvinna og nýsköpun

Hlutverk starfshópa er að aðstoða undirbúningsstjórn við innleiðingu breytinga og stuðla að samstarfi og samráði starfsfólks og kjörinna fulltrúa. Meðal þeirra

verkefna sem hóparnir hafa tekið að sér er að kortleggja þær samþykktir, reglur og gjaldskrár sem gilda á málavíði þeirra og gera tillögu að samræmingu þeirra eða endurskoðun. Þá er hlutverk hópanna að eiga samráð við aðila á viðkomandi málavíði, bæði til að afla nauðsynlegra upplýsinga og miðla upplýsingum um verkefnið.

Hlutverk starfshópa afmarkast við undirbúning og innleiðingu nýs sveitarfélags á verkefnistíma til vors 2022, en ný sveitarstjórn tekur við að afloknum sveitarstjórnarkosningum í maí næstkomandi. Verkefnin eru að mestu leyti af hagnýtum toga við að yfirfara og ræða verklag og ferla. Stefnumótun og ákvarðanir sem geta skuldbundið nýtt sveitarfélag munu bíða þar til sveitarfélagið hefur tekið til starfa.

## VEL HEPPNAÐUR SLÆGJUFUNDUR.

Fyrsti vetrardagur var haldinn hátíðlegur í Mývatnssveit eins og hefur verið gert frá árinu 1879.

Dagskráin var fjölbreytt og sá Karen Ósk Kristjánsdóttir um að stýra fundinum og Atli Steinn Sveinbjörnsson um slægjufundarræðuna. Séra Örnólfur Jóhannesson hélt hugvekju, börn úr leikskóla og skóla voru með skemmtiatriði og nemendur í eldri bekkjum grunnskólans með sinn árlega kökubasar. Benedikt búálfur og Dídí mannabarn komu svo og skemmtu yngstu kynslóðinni.



**Umhverfisverðlaun 2021** voru afhent á Slægjufundi og voru það Lára og Bessi í Lynghrauni 7 sem hlutu verðlaunin fyrir sérlega fallegan og snyrtilegan garð þar sem öll umhirða er til fyrirmyndar.

Einnig hlaut Ingi Þór Yngvason sérstaka **heiðursviðurkenningu umhverfisnefndar og sveitarstjórnar** fyrir fórnfúst og heillaríkt starf og áverkni til verndar lífríki og umhverfi sveitarinnar.



## **Opnun á heitum potti á föstudaginn**

Heilmikil vinna hefur átt sér stað í Íþróttamiðstöð síðustu mánuði. Klifurveggur hefur sannarlega slegið í gegn og nú er komið að næsta áfanga í



þróun Íþróttamiðstöðvar. **Heitur pottur verður tekinn í gagnid á föstudaginn kl. 13.** Sveitungar eru boðnir velkomnir til að kíkja í pottinn, spila pool eða pílu í aðstöðu sem komið hefur verið fyrir í anddyri, nú eða kíkja á knattspyrnuleik í samkomurýminu inn af anddyri, en þar er horft til þess að íbúar geti notið samveru, haldið einfalda fundi, horft á íþróttáutsendingar eða einfaldlega tyllt sér og spjallað eftir pottaferð. Ragnar Baldvinsson, verkefnastjóri þróunar í Íþróttamiðstöð, heldur utan um breytingarnar og er öllum velkomið að koma á framfæri hugmyndum að frekari þróun.

## **Áhersla á sókn í mennta- og skólamálum í sameinuðu sveitarfélagi.**

Fulltrúar Háskóla Íslands, Svartárkots menningar — náttúru, Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar undirrituðu á dögnum viljayfirlýsingu um að vinna í sameiningu að stofnun rannsóknaseturs á sviði umhverfishugvísinda í sameinuðu sveitarfélagi í Suður-Þingeyjarsýslu en sókn í mennta- og skólamálum er ein af höfuð áherslum í sameiningu Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar.

Samstarfið miðar að því að á næstu mánuðum fari fram vinna við fjármögnun og annan undirbúning stofnunar setursins, sem verður samstarfsvettvangur Svartárkots menningar - náttúru og Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands

## **Hrós dagsins**

Fá krakkarnir í unglingsdeild Reykjahlíðarskóla fyrir frábærar kökur og annað hollmeti á kökubasar sem haldinn var fyrir Slægjufund! Takk fyrir okkur!



Að því spyr veturinn hvað sumarið aflar **Sveinn Margeirsson, sveitarstjóri**